



Stúdentafélag
Háskólans á Akureyri

Starfsáætlun SHA 2026-2027

Innihald

Inngangur	2
Almennt um starfsemi SHA	3
Vinnufundur og fræðsluviðburðir SHA	4
Nefndir og ráð	5
Gæðastarf	5
Alþjóðastarf	5
Markaðs- og kynningastarf	6
Jafnréttisstörf	6
Umhverfis- og sjálfbærnimál	6
Viðburðanefnd SHA	7
Félags- og menningarviðburðir	8
Beer pong mót SHA (8. maí 2026)	8
Kjarna-party SHA (22. ágúst 2026)	8
Nýnemadagar Háskólans á Akureyri (25.-27. ágúst 2026)	8
Back To School/Nýnema Party SHA (27. ágúst 2026)	9
Sprellmót SHA (18. september 2026)	10
Halloween ball SHA (29. Október 2026)	10
Fjölskyldubingó SHA (nóvember 2026)	11
Partybingó SHA (nóvember 2026)	11
Próflokadjamm SHA (11. desember 2026)	11
Stóra vísindaferðin (28.-31. janúar)	12
Árshátíð SHA (20. febrúar 2027)	12
Spilakvöld SHA (haustönn 2026 og janúar 2027)	13
Íþróttatímar SHA	13
Aðrir viðburðir og önnur starfsemi	13

Inngangur

Starfsáætlun þessi er samþykkt af Stúdentaráði Stúdentafélags Háskólans á Akureyri, SHA, og gildir fyrir starfsárið 2026-2027. Henni er ætlað að veita yfirsýn yfir helstu verkefni, áherslur og viðburði félagsins á komandi starfsári, auk þess að skýra það hlutverk sem SHA gegnir innan háskólasamfélagsins.

SHA er fyrst og fremst hagsmunafélag allra innritaðra stúdenta við Háskólann á Akureyri. Félagið vinnur að því að gæta hagsmuna stúdenta í námi, þjónustu, félagslífi og daglegu umhverfi þeirra, óháð námsleið, deild, búsetu eða stöðu. Starf SHA byggir á virkri þátttöku stúdenta, öflugri hagsmunagæslu og góðu samstarfi við stjórnendur, starfsfólk og aðrar einingar háskólans.

Í starfsáætluninni má finna upplýsingar um almenna starfsemi félagsins, helstu áherslumál starfsársins, nefndir, ráð og fulltrúa stúdenta, sem og þá félags- og menningarviðburði sem þegar eru á dagskrá. SHA hvetur félagsfólk sérstaklega til að kynna sér dagsetningar sem tilgreindar eru í kaflanum um félags- og menningarviðburði og skrá þær hjá sér. Þar er þó aðeins um að ræða hluta af þeirri starfsemi sem fer fram á vegum félagsins, enda getur dagskrá starfsársins þróast í takt við þarfir, hugmyndir og frumkvæði stúdenta.

Stúdentaráð hvetur félagsfólk til að taka virkan þátt í starfi SHA, hvort sem er með setu í nefndum og ráðum, þátttöku í viðburðum, framlagi til umræðu eða með því að koma ábendingum og hugmyndum á framfæri. Félagið verður sterkast þegar stúdentar nýta vettvang þess til að hafa áhrif á eigið námsumhverfi og háskólasamfélagið í heild.

Starfsáætlunin er ekki tæmandi upptalning á öllum verkefnum SHA. Félagið rekur jafnframt réttindaskrifstofu stúdenta sem tekur við fyrirspurnum, athugasemdum, vangaveltum og kvörtunum sem varða húsnæðis-, félags- og námsumhverfi stúdenta við Háskólann á Akureyri. Þar geta stúdentar leitað stuðnings og leiðsagnar, óháð því hvort þeir stunda nám á staðnum eða í fjarnámi.

Fulltrúar stúdenta í Stúdentaráði og öðrum nefndum, ráðum og stjórnnum hafa mikilvægu hlutverki að gegna við að koma sjónarmiðum stúdenta á framfæri innan stjórnsýslu háskólans. Hlutverk þeirra er að gæta hagsmuna stúdenta, fylgja málum eftir og stuðla að

Því að reynsla og þarfir stúdenta séu hafðar að leiðarljósi í ákvörðunum sem varða háskólasamfélagið.

Að öllu þessu sögðu er starfsáætluninni ætlað að vera lýsandi fyrir komandi starfsár, upplýsandi fyrir félagsfólk og leiðbeinandi fyrir framkvæmdastjórn, Stúdentaráð og aðra fulltrúa stúdenta. Hún er jafnframt lifandi plagg sem endurspeglar metnað SHA til að byggja upp öflugt, aðgengilegt og virkt stúdentafélag fyrir alla stúdenta við Háskólann á Akureyri.

Almennt um starfsemi SHA

SHA er félag allra innritaðra stúdenta við Háskólann á Akureyri, HA. Félagið er fyrst og fremst hagsmunafélag stúdenta og vinnur að því að standa vörð um réttindi, velferð og aðstöðu stúdenta í námi og daglegu lífi. Jafnframt er SHA bakland og sameiningartákn aðildarfélaga sinna og þeirra fulltrúa sem sinna trúnaðarstörfum á vegum félagsins.

Starfsemi SHA er fjölbreytt og tekur bæði til hagsmunabaráttu, félagslífs, viðburða, upplýsingagjafar og samstarfs innan og utan háskólans. Félagið hefur yfirumsjón með viðburðum á sviði skemmtana-, íþrótt- og fjölskyldumála og styður aðildarfélög sín við að sinna þessum málaflokkum gagnvart sínu félagsfólki. Með því vill SHA stuðla að öflugu, lifandi og aðgengilegu stúdentalífi fyrir alla stúdenta HA.

SHA stendur vörð um sameiginlega hagsmuni stúdenta, vinnur að bættri heilsu og líðan þeirra og á í virku samstarfi við starfsfólk og stjórnendur háskólans um kynningarmál, gæðamál, hagsmunamál og önnur málefni sem snerta stúdenta, beint eða óbeint. Félagið leggur einnig áherslu á gott samstarf við önnur hagsmunafélög stúdenta, meðal annars í gegnum Landssamtök íslenskra stúdenta, LÍS, og í samstarfi við ERGI, Félag hinsegin stúdenta á Norðurlandi.

Stúdentaráð fer með æðsta ákvörðunarvald í málefnum SHA. Ráðið er skipað 16 einstaklingum. Níu fulltrúar eru kosnir á aðalfundi félagsins, þar á meðal forseti, hagsmunafulltrúi, samskiptafulltrúi, rekstrarstjóri, viðburðastjóri og alþjóðafulltrúi, sem saman mynda framkvæmdastjórn félagsins. Aðrir kjörnir fulltrúar eru gæðafulltrúi, jafnréttisfulltrúi og umhverfisfulltrúi. Auk þeirra eiga fulltrúar allra aðildarfélaga sæti í Stúdentaráði.

Stúdentaráð fundar að jafnaði einu sinni í mánuði, fyrsta þriðjudag hvers mánaðar, að undanskildum júlímánuði. Forseti SHA stýrir fundum ráðsins og ber ábyrgð á undirbúningi

þeirra. Milli funda er forseta heimilt að leggja mál fyrir Stúdentaráð með rafrænni atkvæðagreiðslu þegar þörf krefur.

Fundir Stúdentaráðs eru að jafnaði lokaðir, nema annað sé sérstaklega auglýst. Almennt félagsfólk og gestir geta þó óskað eftir því við forseta að leggja mál fyrir fund, annað hvort með eigin viðveru eða fyrir milligöngu fulltrúa í Stúdentaráði. Með þessu vill SHA tryggja að stúdentar geti komið málum, hugmyndum og ábendingum á framfæri í gegnum skýran og aðgengilegan farveg.

Daglegur rekstur félagsins er í höndum framkvæmdastjórnar, sem starfar í umboði Stúdentaráðs. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á daglegri starfsemi SHA, eftirfylgni mála, samskiptum við háskólann og rekstri réttindaskrifstofu stúdenta. Réttindaskrifstofan tekur við fyrirspurnum, athugasemdum, kvörtunum og ábendingum frá stúdentum og er mikilvægur hluti af hagsmunagæslu félagsins.

Vinnufundur og fræðsluviðburðir SHA

SHA mun standa fyrir sérstökum vinnufundi á haustdögum 2026. Fundurinn verður skipulagður af framkvæmdastjórn félagsins og er honum ætlað að efla faglegt, lýðræðislegt og markvisst starf SHA á komandi starfsári.

Á vinnufundinum verður lögð áhersla á stefnumótun, samstarf, hlutverk fulltrúa og þau verkefni sem félagið hyggst setja í forgang. Dagskrá og þema fundarins verður auglýst á nýnemadögum, ásamt nánari upplýsingum um þátttöku og fyrirkomulag.

SHA stendur jafnframt fyrir reglulegum fræðsluviðburðum í samstarfi við stúdentar, aðildarfélög og önnur félög eftir því sem við á. Markmið viðburðanna er að skapa vettvang fyrir fræðslu, samtal og aukna þekkingu á málefnum sem varða stúdentar, háskólasamfélagið og samfélagið í víðara samhengi.

Fræðsluviðburðir eru að jafnaði auglýstir á miðlum félagsins, opnir öllu félagsfólki og þeim útvarpað þegar aðstæður leyfa. Með því vill SHA stuðla að auknu aðgengi að fræðslu og tryggja að sem flestir stúdentar geti tekið þátt, óháð búsetu eða námsformi.

Nefndir og ráð

Stúdentar eiga fulltrúa í fjölmörgum nefndum, stjórnnum og ráðum á vegum háskólans. Fulltrúarnir eru almennt skipaðir af SHA, framkvæmdastjórn eða aðildarfélögum, eftir því sem við á hverju sinni.

Upplýsingar um nefndir, ráð og fulltrúa stúdenta má nálgast á miðlum félagsins. Á starfsárinu leggja fulltrúar SHA sig fram um að taka virkan þátt í störfum þeirra nefnda og ráða sem þeir sitja í, gæta hagsmuna stúdenta og miðla upplýsingum áfram til Stúdentaráðs og/eða framkvæmdastjórnar þegar við á.

Með þessu vill SHA tryggja að afstaða stúdenta heyrir skýrt innan háskólans og að sjónarmið þeirra hafi raunverulegt vægi í ákvörðunum sem varða nám, þjónustu og háskólasamfélagið í heild.

Gæðastarf

Þátttaka stúdenta í gæðastarfi háskólans er mikilvægur þáttur í hagsmunabaráttu SHA. Með virkri aðkomu að gæðamálum geta stúdentar haft áhrif á þróun náms, kennslu og þjónustu innan háskólans.

Fulltrúar stúdenta sitja í gæðaráði HA og beita sér þar fyrir sjónarmiðum og hagsmunum stúdenta. Þar á meðal er gæðafulltrúi SHA, sem á einnig sæti í stúdentaráði og tryggir þannig að gæðamál séu reglulega til umræðu innan félagsins.

Markmið SHA er að stuðla að öfluggu gæðastarfi þar sem reynsla og þarfir stúdenta eru hafðar að leiðarljósi.

Alþjóðastarf

Á hverju ári koma stúdentar víðs vegar að úr heiminum til að stunda nám við HA. Þar á meðal eru skiptinemar, alþjóðlegt námsfólk og innflytjendur sem hafa íslensku sem annað mál.

Öflugt alþjóðastarf er mikilvægur þáttur í því að standa vörð um hagsmuni þessa fjölbreytta og mikilvæga hóps stúdenta. Innan SHA starfar alþjóðanefnd sem skipuð er fulltrúum allra aðildarfélaga, auk alþjóðafulltrúa SHA sem jafnframt gegnir hlutverki formanns nefndarinnar. Nefndin skipuleggur móttöku og félagslíf alþjóðanema og er tengiliður þeirra við samfélag stúdenta í heild sinni.

Á starfsárinu leggur SHA einnig áherslu á að efla tengsl félagsins við erlend systurfélög og byggja upp grunn að alþjóðlegum tækifærum fyrir félagsfólk. Með því vill félagið styrkja alþjóðlegt samstarf, víkka sjónvildarhring stúdenta og skapa fleiri leiðir til þátttöku, reynslu og tengslamyndunar utan landsteinanna.

Markaðs- og kynningastarf

Stúdentar hafa á síðustu árum gegnt mikilvægu hlutverki í markaðs- og kynningarstarfi HA. Kynninganefnd háskólans er skipuð fulltrúum allra deilda og tekur þátt í að kynna skólann fyrir almenningi, væntanlegum stúdentum og öðrum sem vilja kynnast námi og starfi HA.

SHA sinnir jafnframt fjölbreyttu markaðs- og kynningarstarfi á eigin vegum. Á starfsárinu 2026-2027 verður sérstök áhersla lögð á að styrkja ásýnd félagsins, meðal annars með endurnýjun einkennismerkis SHA, gerð nýs markaðsefnis, uppfærslu á heimasíðu og markvissri sókn í greinaskrifum.

Með þessu vill SHA auka sýnileika félagsins, miðla betur því starfi sem fram fer og efla upplýsingagjöf til stúdenta, háskólasamfélagsins og almennings.

Jafnréttisstörf

SHA leggur ríka áherslu á jafnréttis- og mannréttindamál og vill tryggja að rödd stúdenta heyrist skýrt á þeim vettvangi. Félagið á öflugra fulltrúa í jafnréttisráði háskólans og hefur á margan hátt verið leiðandi í störfum þess.

Jafnréttisfulltrúi SHA situr jafnframt í stúdentaráði og tryggir að jafnréttissjónarmið séu hluti af umræðu, stefnumótun og ákvörðunum félagsins. Stúdentaráð hefur einnig samþykkt að koma á fót sérstökum hópi sem mun vinna markvisst að öflugri jafnréttis- og mannréttindabaráttu í nafni SHA.

Markmið okkar er að stuðla að opnu, öruggu og inngildandi háskólasamfélagi þar sem allir stúdentar fá notið sín á eigin forsendum.

Umhverfis- og sjálfbærnimál

SHA leggur áherslu á að rödd stúdenta heyrist í umhverfis- og sjálfbærnimálum innan háskólans. Við eigum öflugra fulltrúa í umhverfisráði háskólans sem taka þátt í samtali, stefnumótun og verkefnum sem snúa að grænni háskólastarfsemi. Jafnframt situr umhverfisfulltrúi SHA í stúdentaráði og tryggir þannig að sjálfbærni sé hluti af daglegri umræðu og ákvörðunum stúdenta.

Markmið okkar er að hvetja til ábyrgari neyslu, aukinnar umhverfisvitundar og raunhæfra aðgerða sem gera háskólasamfélagið sjálfbærara, skref fyrir skref, t.a.m. með þátttöku í grænfánaverkefninu og veitingu viðurkenninga fyrir akademísk verkefni sem stuðla að umhverfis- og sjálfbærnimálum.

Viðburðanefnd SHA

Viðburðanefnd SHA sér um skipulag og framkvæmd fjölbreyttra viðburða á vegum félagsins. Nefndin vinnur náið með framkvæmdastjórn, Stúdentaráði og aðildarfélögum SHA að því að skapa lifandi, skemmtilegt og aðgengilegt félagslíf fyrir stúdenta við HA.

Hlutverk nefndarinnar er meðal annars að móta dagskrá, útfæra hugmyndir, undirbúa viðburði og tryggja að framkvæmd þeirra gangi vel. Viðburðanefnd gegnir því mikilvægu hlutverki í að efla samveru, tengsl og þátttöku stúdenta utan námsins.

Viðburðastjóri SHA er formaður nefndarinnar og stýrir fundum hennar og starfsemi.

Félags- og menningarviðburðir

Beer pong mót SHA (8. maí 2026)

Þann 8. maí stendur SHA fyrir Beer pong móti í umsjón viðburðanefndar félagsins. Viðburðurinn kemur í stað hefðbundins próflokadjamms og er hugsaður sem léttur, skemmtilegur og afslappaður vettvangur fyrir stúdenta til að koma saman í lok annar.

Markmiðið er að skapa viðburð þar sem félagsfólk getur sleppt aðeins takinu eftir annasama prófatíð, hitt samnemendur og tekið þátt í vinalegri keppni í góðum anda. Beer pong mótið verður bæði félagslegur viðburður og skemmtileg áskorun þar sem lið keppa sín á milli, stemningin ræður ríkjum og áhersla er lögð á þátttöku, gleði og samveru.

Viðburðanefnd SHA sér um skipulag og nánari útfærslu mótsins, þar á meðal skráningu, reglur og dagskrá. Viðburðurinn verður auglýstur sérstaklega á miðlum félagsins þegar nær dregur.

Kjarna-party SHA (22. ágúst 2026)

Þann 22. ágúst stendur SHA fyrir Kjarna-party í Kjarnaskógi, rétt utan Akureyrar. Viðburðurinn er hugsaður sem skemmtilegt og afslappað upphaf á nýju háskólaári þar sem gömlum og verðandi stúdentum gefst tækifæri til að hittast, kynnast og njóta útiveru saman.

Á dagskrá verður grill, útiskemmtun og góð stemning í fallegu umhverfi Kjarnaskógar. Markmiðið er að skapa léttan og aðgengilegan viðburð þar sem nýir stúdentar geta tekið sín fyrstu skref inn í háskólasamfélagið og reyndari stúdentar geta komið saman eftir sumarfrí.

Kjarna-partyið er opið bæði núverandi og verðandi stúdentum HA og er því kjörið tækifæri til að hefja árið með samveru og góðri tengslamyndun áður en dagskrá haustannar fer á fullt. Viðburðurinn verður auglýstur sérstaklega á miðlum SHA þegar nær dregur.

Nýnemadagar Háskólans á Akureyri (25.-27. ágúst 2026)

Nýnemadagar Háskólans á Akureyri verða haldnir dagana 25.-27. ágúst 2026. Framkvæmdastjórn SHA ber ábyrgð á nýnemadögum og hefur yfirumsjón með skipulagi þeirra í samstarfi við Stúdentaráð, nefndir félagsins og aðildarfélög.

Dagana 25. og 27. ágúst taka fræðasvið háskólans á móti sínum nýnemum með sérstakri dagskrá. SHA verður með kynningu á starfi félagsins báða dagana, þar sem nýnemum gefst

tækifæri til að kynna hlutverki félagsins, þjónustu þess, viðburðum og þeim leiðum sem standa til boða til þátttöku í stúdentalífinu. Aðildarfélögin kynna einnig sína starfsemi og gefa nýnemum innsýn í það félagslíf sem tengist einstökum deildum og námsleiðum.

Í hádeginu báða dagana stendur SHA fyrir grilli fyrir nýnema. Grillið er hugsað sem léttur og aðgengilegur samveruvettvangur þar sem nýnemar geta hitt hvert annað, rætt við fulltrúa félagsins og fengið betri tilfinningu fyrir háskólasamfélaginu áður en kennsla hefst af fullum krafti.

Að formlegri dagskrá háskólans lokinni hittast nýnemar í Hátíðarsal skólans, þar sem Viðburðarnefnd og Stúdentaráð SHA standa fyrir nýnematleik. Ratleikurinn er skemmtileg leið til að brjóta ísinn, kynna skólanum, hitta samnemendur og taka fyrstu skrefin inn í félagslífið við HA.

Miðvikudaginn 26. ágúst mun SHA standa fyrir fræðslu og léttari skemmtidagskrá. Þar verður lögð áhersla á gagnlegar upplýsingar fyrir nýnema, kynningu á starfi félagsins og viðburði sem stuðla að góðri byrjun á háskólaárinu.

Aðildarfélög SHA halda jafnframt sín eigin nýnemakvöld. Þau eru sérstaklega ætluð nýnemum, en jafnframt er æskilegt að eldri stúdentar séu hvattir til að mæta, taka þátt og hjálpa til við að skapa hlýlegt og opið umhverfi fyrir nýja stúdenta. Stjórnir aðildarfélaganna bera ábyrgð á skipulagi og auglýsingu nýnemakvöldanna og er mikilvægt að upplýsingum um þau sé miðlað tímanlega og með skýrum hætti.

Fimmtudagskvöldið 27. ágúst lýkur nýnemadögum með nýnemapartýi SHA. Viðburðurinn markar skemmtilegan endapunkt á dagskrá vikunnar og gefur nýnemum tækifæri til að koma saman, fagna upphafi háskólaársins og kynna félagslífinu við HA í afslappaðra umhverfi. Staðsetning og nánara fyrirkomulag verða auglýst á miðlum SHA þegar nær dregur.

Back To School/Nýnema Partý SHA (27. ágúst 2026)

Þann 27. ágúst stendur SHA fyrir Back To School Partýi á Leyni-bar á Akureyri í tengslum við nýnemadaga Háskólans á Akureyri. Viðburðurinn markar skemmtilegt upphaf á nýju háskólaári og er frábær leið fyrir nýnema til að kynna félagslífinu við HA.

Back To School Partýið / Nýnemapartý er vettvangur þar sem nýir og eldri stúdentar geta komið saman, hitt samnemendur og tekið þátt í þeirri stemningu sem fylgir upphafi skólaársins. Viðburðurinn er sérstaklega mikilvægur fyrir nýnema sem vilja kynnast fólki, aðildarfélögunum og félagslífinu utan kennslustofunnar.

Heyrst hefur að aðildarfélögin séu gjarnan með fyrirpartí fyrir viðburðinn, sem gerir kvöldið enn skemmtilegra og gefur stúdentum fleiri tækifæri til að hittast áður en haldið er á Leyni-bar. Nánari upplýsingar um viðburðinn verða auglýstar á miðlum SHA þegar nær dregur.

Sprellmót SHA (18. september 2026)

Þann 18. september fer fram hið margrómaða Sprellmót SHA í umsjón viðburðanefndar félagsins. Sprellmótið er einn af skemmtilegustu og líflegustu viðburðum starfsársins og hefur skipað sér fastan sess í félagslífi stúdenta við HA.

Á Sprellmótinu keppa aðildarfélögin sín á milli í fjölbreyttum þrautum víðs vegar um bæinn. Liðin mæta að sjálfsögðu í búningum, stemningin er í algleymingi og keppnissemi blandast gleði, húmor og samstöðu. Markmiðið er ekki aðeins að sigra, heldur líka að skapa ógleymanlega upplifun fyrir þátttakendur og efla tengsl milli stúdenta þvert á deildir og aðildarfélög.

Að lokum stendur eitt lið uppi sem sigurvegari og hlýtur hinn eftirsóttu sprellmótsbikar. Sprellmótið er því fullkomið tækifæri fyrir stúdentum til að taka þátt í félagslífinu, kynnast nýju fólki og upplifa HA-stemninguna eins og hún gerist best.

Halloween ball SHA (29. Október 2026)

Þann 29. október stendur SHA fyrir Halloween balli þar sem búningar, tónlist og góð stemning verða í fyrirrúmi. Viðburðurinn er hugsaður sem létt og skemmtileg kvöldskemmtun á haustönn þar sem stúdentar geta komið saman, tekið sér hlé frá náminu og notið kvöldsins með samnemendum.

Á ballinu verður keppni um besta búninginn og því er tilvalið fyrir stúdentum að leyfa sköpunargleðinni að ráða för. Hvort sem búningurinn er myndinn, glæsilegur, dramatískur eða óvæntur verður kvöldið vettvangur fyrir fjölbreytni, gleði og góða þátttöku.

Halloween ball SHA er hluti af fjölbreyttu félagslífi félagsins og gefur stúdentum tækifæri til að hittast utan námsins, styrkja tengslin og skapa góða minningu á miðri önn.

Fjölskyldubingó SHA (nóvember 2026)

Í nóvember 2026 stendur SHA fyrir fjölskyldubingói sem verður opið öllum. Viðburðurinn er hugsaður sem hlýr og skemmtilegur samveruvettvangur þar sem stúdentar, fjölskyldur, vinir og aðrir gestir geta komið saman og átt notalega stund.

Fjölskyldubingóið er jafnframt hluti af fjáröflun félagsins og styður þannig við áframhaldandi starf SHA, viðburðahald og þjónustu við stúdenta. Áhersla verður lögð á að viðburðurinn sé aðgengilegur, léttur og skemmtilegur fyrir breiðan hóp þátttakenda.

Nánari upplýsingar um dagsetningu, staðsetningu, vinninga og fyrirkomulag verða auglýstar á miðlum SHA þegar nær dregur.

Partýbingó SHA (nóvember 2026)

Í nóvember 2026 stendur SHA fyrir Partýbingói sem er bingó í aðeins léttari, háværari og fullorðinslegri útgáfu. Viðburðurinn er hugsaður sem skemmtilegt kvöld fyrir stúdenta þar sem klassískt bingó fær nýjan búning með meiri stemningu, hómor og óvæntum vinningum.

Partýbingóið er kjörið tækifæri til að koma saman utan námsins, hlæja, keppa um vinninga og njóta kvöldsins í góðum félagsskap. Áhersla verður lögð á léttu partýstemningu, skemmtilega kynna og vinninga sem hefðu kannski ekki átt heima á fjölskyldubingóinu.

Viðburðurinn verður auglýstur sérstaklega á miðlum SHA þegar nær dregur, ásamt nánari upplýsingum um dagsetningu, staðsetningu og fyrirkomulag.

Próflokadjamm SHA (11. desember 2026)

Þann 11. desember býður SHA stúdentum að fagna lokum haustannar með próflokadjammi. Eftir langar lærdómsvikur, skilaverkefni og próf er komið að því að leggja bækurnar til hliðar og njóta kvöldsins með samnemendum.

Próflokadjammið er hugsað sem sameiginlegur endapunktur annarinnar, þar sem stúdentar geta komið saman, fagnað áfanganum og kvatt önnina með léttleika. Viðburðurinn markar jafnframt upphaf jólafrísins hjá mörgum og gefur stúdentum tækifæri til að hittast áður en hver heldur í sína áttina.

Nánari upplýsingar um staðsetningu, dagskrá og fyrirkomulag verða birtar á miðlum SHA þegar nær dregur.

Stóra vísindaferðin (28.-31. janúar)

Stóra vísindaferð SHA til Reykjavíkur verður haldin dagana 28.-31. janúar. Um er að ræða árlega ferð sem skipulögð er í samstarfi framkvæmdastjórnar, Stúdentaráðs og aðildarfélaga SHA og er jafnan einn af stærri viðburðum félagsins á vormisseri.

Stúdentar á Akureyri fara saman með rútu til Reykjavíkur, en stúdentar sem staddir eru á höfuðborgarsvæðinu geta sameinast hópnum þar. Gist verður á Hótel Cabin og mun framkvæmdastjórn SHA sjá um sameiginlegt skipulag ferðarinnar, þar á meðal gistingu, samgöngur, upplýsingagjöf og aðra praktíska þætti sem þurfa að vera skýrir áður en lagt er af stað.

Aðildarfélögin bera ábyrgð á að skipuleggja vísindaferðir fyrir sitt félagsfólk í fjölbreytt fyrirtæki, stofnanir og samtök. Ferðin gefur stúdentum þannig tækifæri til að kynnst atvinnulífi, faglegu starfi og mögulegum framtíðartækifærum utan kennslustofunnar, um leið og hún styrkir tengsl milli stúdenta þvert á námsleiðir og aðildarfélög.

Framkvæmdastjórn mun jafnframt skipuleggja sameiginlega dagskrá fyrir alla þátttakendur, þannig að ferðin verði bæði fagleg, félagsleg og eftirminnileg. Nánari upplýsingar um skráningu, dagskrá og fyrirkomulag verða birtar á miðlum SHA þegar nær dregur.

Árshátíð SHA (20. febrúar 2027)

Þann 20. febrúar fer fram árshátíð SHA, einn stærsti og glæsilegasti viðburður starfsársins. Árshátíðin hefur löngum verið hápunktur félagslífsins við HA og er viðburður sem margir stúdentar bíða eftir með eftirvæntingu.

Á hverju ári er lagður mikill metnaður í undirbúning, umgjörð og dagskrá árshátíðarinnar. Nýtt þema er kynnt fyrir hverja hátíð og hefur það orðið hluti af stemningunni að sjá hvernig stúdentar, aðildarfélög og skipuleggjendur túlka þemað hverju sinni.

Árshátíð SHA er kvöld þar sem stúdentar koma saman, gera sér dagamun og fagna félagslífinu, samstöðunni og öllu því sem gerir háskólaárið eftirminnilegt. Nánari upplýsingar um þema, staðsetningu, miðasölu og dagskrá verða birtar á miðlum SHA þegar nær dregur.

Spilakvöld SHA (haustönn 2026 og janúar 2027)

SHA mun standa fyrir spilakvöldum á haustönn 2026 og aftur í janúar 2027. Viðburðirnir eru hugsaðir sem rólegri og aðgengilegur vettvangur þar sem stúdentar geta komið saman, spilað, spjallað og átt notalega stund utan námsins.

Spilakvöldin bjóða upp á góða leið til að kynnast fólki í afslöppuðu umhverfi, sérstaklega fyrir þau sem vilja taka þátt í félagslífinu án þess að mæta endilega á stærri viðburði eða party. Hvort sem fólk mætir með vinahópnum, eitt síns liðs eða með sitt uppáhaldsspil undir hendinni verður lögð áhersla á léttu stemningu, samveru og þátttöku.

Nánari upplýsingar um dagsetningar, staðsetningu og fyrirkomulag verða auglýstar á miðlum SHA þegar nær dregur.

Ípróttatímar SHA

SHA stendur fyrir skipulögðum ípróttatímum á starfsárinu. Tímarnir eru hugsaðir sem aðgengileg leið fyrir stúdenta til að hreyfa sig, hitta aðra og taka þátt í félagslífinu á öðrum forsendum en í hefðbundnum viðburðum.

Með ípróttatímum vill SHA stuðla að bættri heilsu, vellíðan og virkni stúdenta, auk þess að skapa jákvæðan vettvang þar sem allir geta tekið þátt óháð getu eða reynslu. Áhersla verður lögð á léttu stemningu, þátttöku og samveru.

Nánari upplýsingar um fyrirkomulag, tímasetningar, staðsetningu og skráningu verða auglýstar á miðlum SHA þegar nær dregur komandi skólaári.

Aðrir viðburðir og önnur starfsemi

Eins og fram kemur í inngangi er starfsáætlun SHA ekki tæmandi upptalning á allri starfsemi félagsins. Háskólasamfélagið og samfélagið í heild taka stöðugum breytingum og starf SHA þarf að geta brugðist við þeim málefnum sem koma upp hverju sinni og snerta stúdenta með beinum eða óbeinum hætti.

Af þeim sökum er gert ráð fyrir ákveðnu svigrúmi í starfs- og fjárhagsáætlun félagsins til að bregðast við ófyrirséðum verkefnum, umræðum eða atburðum á starfsárinu. Slík mál geta til dæmis varðað breytingar á lögum eða reglum um Menntasjóð námsmanna, stöðu

húsnæðismála, samgöngur, kosningar til Alþingis, málefni háskólans eða önnur samfélagsleg mál sem hafa áhrif á líf, réttindi og aðstæður stúdenta.

SHA getur því, eftir atvikum, staðið fyrir viðburðum, fræðslu, samtölum, umsögnum, hvatningarátökum eða öðrum verkefnum sem tengjast þeim málum sem eru efst á baugi hverju sinni. Markmiðið er að félagið sé lifandi og virkur vettvangur sem geti tekið þátt í umræðu, komið sjónarmiðum stúdenta á framfæri og brugðist við þegar hagsmunir þeirra kalla á það.

Stúdentaráð tekur fagnandi á móti hugmyndum og tillögum frá félagsfólki varðandi viðburði, verkefni og málefni sem félagið ætti að taka til skoðunar. Þannig getur almennt félagsfólk haft áhrif á starfsemi SHA og stuðlað að því að félagið endurspegli fjölbreyttar þarfir, áhuga og reynslu stúdenta við Háskólann á Akureyri.

Með þessum lið vill SHA tryggja að svigrúm sé til staðar fyrir frumkvæði, ný verkefni og málefni sem ekki eru fyrir séð við samþykkt starfsáætlunar, en geta reynst mikilvæg þegar líður á starfsárið.